

Fimmti fundur vetrarins 2015-16 í Gammadeild DKG var haldinn fimmtudaginn 14. janúar, klukkan 17:00. Fundurinn var haldinn á Hótel Borg. Áður en formlegur fundur hófst hittumst við í Alþingishúsinu við Austurvöll.

Fimmti fundur vetrarins hófst í Alþingishúsinu við Austurvöll, þar tók Vigdís Jónsdóttir aðstoðarskrifstofustjóri á móti okkur ásamt Vilhjálmi Bjarnasyni alþingismanni. Vigdís sagði aðeins frá Alþingi og starfsemi þess en síðan leiddi Vilhjálmur okkur um Alþingishúsið.

Kristín Bjarnadóttir bauð Gammakonur velkomnar á þennan fyrsta fund á nýju ári. Síðan kynnti hún Vigdís til sögunnar.

Fyrirlestur kvöldsins Vigdís bauð okkur hjartanlega velkomnar í Skálann, salurinn sem við vorum í er í raun matsalur Alþingis. En alþingishúsið var reist á árunum 1880-1881 síðan hafa tvær viðbyggingar verið reistar við húsið, fyrst Kringlan árið 1908 og síðan Skálinn árið 2002. Almenn þykja báðar þessar viðbyggingar nokkuð vel heppnaðar.

Vigdís stiklaði yfir sögu Alþingis alveg frá árinu 930 til dagsins í dag. Frá alþingiskosningunum 1987 hefur Alþingi verið skipað 63 þingmönnum sem koma úr sex kjördæmum. Frá árinu 1991 hefur þingið starfað í einni málstofu. Alþingi situr allt árið og eru regluleg þingstörf frá september til maíloka. Vigdís fór yfir starfsáætlun þingsins, hún fór einnig yfir hefðbundna vikuáætlun og sýndi jafnframt dagskrá venjulegs starfsdags.

Vigdís minntist þeirra kvenna sem hafa rutt brautina á Alþingi. Ingibjörg H. Bjarnason var fyrst kvenna kosin á þing árið 1922. Síðan var það árið 1970 að Auður Auðuns varð fyrsta konan til að gegna ráðherraembætti og Jóhanna Sigurðardóttir varð fyrsti kvenkyns forsætisráðherra Íslands árið 2009. Hlutfall kvenna á Alþingi hefur verið um 40% um nokkurt skeið en var nákvæmlega 46% í janúar s.l.

Alþingi Íslendinga þykir mjög "opið" og lýðræðislegt þing, þingfundir eru öllum opnir og þingstörf fara t.d. beint á netið. Allar umræður hafa verið teknar upp frá því árið 1952, Alþingi var fyrsta þingið í heiminum sem tók upp þann sið. Sendinefnd fór til Hollywood í Bandaríkjunum og festi kaup á bestu græjunum sem vor í boði. Vefur Alþingis opnaði árið 1994 og frá árinu 1998 hefur verið hægt að hlusta á umræður á vefnum. En þar er jafnframt að finna góðar upplýsingar um störf Alþingis. Rafræn atkvæðagreiðsla var tekin upp árið 1991 þegar þingið hóf störf í einni málstofu. Á hverju þingi eru um 1500-2000 atkvæðagreiðslur. Um 5000 manns heimsækja þingið árlega.

Fjöldi starfsmanna á Alþingi er um 120 og eru þeir í 110 stöðugildum. Vigdís fór yfir skipurit Alþingis og er hún í yfirstjórn, hún hefur m.a. umsjón með þingstörfum. Í kynningu hennar kom fram að Alþingi væri einstaklega góður og skemmtilegur vinnustaður en það er krafist mjög mikillar viðveru starfsmanna. Vigdís hefur unnið á Alþingi frá því hún kom heim úr námi frá Bandaríkjunum haustið 1982.

Klukkan 18:00 yfiráfúm við Skálann og gengum um Alþingishúsið, Vilhjálmur leiddi okkur um húsakynninn og fræddi okkur. Hann sagði frá húsinu á lifandi og skemmtilegan hátt og fengum við að skoða hvern krók og kima. Hann benti okkur á áhugaverð listaverk og húsgögn og einnig á gjafir sem borist hafa í áranna rás. Hann sagði okkur frá Alþingisgarðinum sem er fyrsti opinberi skráðgarðurinn á Íslandi. Árið 1893 var Tryggva Gunnarssyni falið að sjá um framkvæmdir í garðinum og er ekki ólíklegt að hann sé höfundurinn að skipulagi garðsins. Garðurinn sem er fallegur og friðsæll er umkringdur háum steinvegg og er enn nánast óbreyttur frá upphaflegu skipulagi. Hann hefur verið opin almenningi frá því um miðja síðustu öld en er svolítið falinn; hann er eins og eitt af leyndarmálum Kvosarinnar.

Eftir þennan áhugaverða fyrirlestur **og kynningu á Alþingishúsinu** var gengið yfir á Hótel Borg þar sem formlegur fundur var haldinn.

Fundarsetning Gammakonur ásamt nokkrum gestum komu sér fyrir í sal Hótel Borgar. Þar setti Kristín Bjarnadóttir fund, hún kveikti á kertunum og minntist vináttunnar, trúmennskunnar og

hjálpseminnar. Kristín byrjaði á að þakka Vigdísí Jónsdóttur og Vilhjálmi litla bróður sínum kærlega fyrir móttökurnar og færði þeim rós í þakklætisskyni.

Fundinn sátu eftirtaldir félagar í Gammadeild: Árný Elíasdóttir, Björg Eiríksdóttir, Björk Einisdóttir, Edda Pétursdóttir, Edda Vikar, Elín Ólafsdóttir, Gerður G. Óskarsdóttir, Guðný Helgadóttir, Helga Halldórsdóttir, Helga Thorlacius, Hildur Jóhannesdóttir, Hrefna Þórarinsdóttir, Ingibjörg Einarsdóttir, Ingibjörg Jóhannsdóttir, Ingibjörg Jónasdóttir, Jóhanna Einarsdóttir, Kristín Bjarnadóttir, Kristín Jónsdóttir kennslukona, Krístrún Ísaksdóttir, María Pálmadóttir, Pálína Jónsdóttir, Ragnhildur Þórarinsdóttir, Rannveig Sigurðardóttir, Sigríður Jónsdóttir, Soffía Sveinsdóttir, Stefanía Arnórsdóttir, Svana Friðriksdóttir og Vilborg Dagbjartsdóttir.

Pálína Jónsdóttir ætlaði að vera með Orð til umhugsunar en aðstæður voru þannig í salnum á Hótel Borg að ákveðið var að fresta þeim dagskrárlið til næsta fundar.

Veitingar bornar á borð. Boðið var upp á súpu, með súpunni var borið fram brauð, loks var boðið upp á kaffi og sætindi. *Gammakonur áttu góða stund í þessu fallega umhverfi, að sjálfsögðu var margoft spjallað og skeggrætt undir borðum.* Fundargerð skráði Svana Friðriksdóttir.